

Afhugasemd

við oflof

Gáfaður gamall maður. Páll Bjarnason, sem telur að lestur rita eftir mig, hafi sjer að nokkru gagni orðið hefir í þakk lætisskyni, skrifað um mig nokkrar vingjarnlegar línur sem lesa má í maihefti tímaritsins „Syrpa“ s. 140. Þar segir svo, m.a.: „Enginn maður getur efast um að dr. Helgi Pjeturs hefði lánast að verða milljóneri, ef hann hefði freist að þess“.

Hinn góðgjarni höfundur ber þarna á mig lof sem jeg á ekki skilið. Því að jeg hefi vissu lega ekki þá hæfileika til að bera, sem nauðsynlegir eru til þess að geta orðið auðmaður, einsog þjóðfjelögunum er hátt að hjer á jörðu.

Annað mál er það, að sá sem sýnt hefir nokkra hæfileika til að leiða í ljós nýja þekkingu, á ekki skilið að vera fátækur, og að það væri jafnvel, þegar til lengdar lætur, þjóðfjelögunum fyrir bestu, að starf hinna „óhagnýtu“ þekkingarfrömuða væri ekki eins lítils metið og illa launað, og verið hefir til skamms tíma, og að vísu má segja að sje enn, þó að nokkur bót sje á orðin frá því sem áður var.

Júni '47

Helgi Pjeturss.

15 júlí '47